



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur
2. ágúst 2012
31. tbl. · 29. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



Bátur mánaðarins
aðeins
419 kr.



Opið
virka daga: 10 til 22
helgar: 11 til 22

Sums staðar liggja tragedíur að baki

Eftir allt þetta flakk langt yfir skammt, flandur yfir úthöf
eftir allt þetta dags ráp og rand hefur maður bor
SVO þetta varða er hryggsúlan í manni, þ
manns eðum. Og kyrrðin, hún hefði



Rúnar Helgi Vignisson rithöfundur er fyrsti fastráðni ritlistarkennarinn við Háskóla Íslands. Hér í blaðinu segir hann frá ritstörfunum og kennslunni og þeim undarlegheitum að rithöfundur skuli búa í Garðabæ en ekki í 101 Reykjavík. Hann er spurður um nýutkomnu bókina sína og þar vísar hann að mótlæti tengdforeldranna síðustu ár þeirra á Ísafirði. Er hér fátt eitt nefnt. – Sjá viðtal í miðopnu.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |



Húsfyllir á fjölskylduhátíð í Dalbæ

Húsfyllir var á fjölskylduhátíð sem haldin var í Dalbæ Snæfjallaströnd um helgina á vegum Snjáfjallaseturs og Ferðapjónustunnar Dalbæ. „Það var almenn ánægja með hátíðina og fólk var þarna saman komið í góðu veðri og margir í tjalðvögnum og húsbílum,“ segir Engilbert Ingvarsson, einn þeirra sem kom að skipulagningu hátíðarinnar. Tónlist var í hávegum höfð á skemmtuninni sem hófst með brekkusöng á föstudagskvöldinu.

Þá var leikja- og tónlistardagskrá daginn og kvöldið eftir sem

stjórnað var af Jóni Hallfræð Engilbertssyni. Flytjendur voru ættaðir af Snæfjallaströnd. „Þarna mættu til dæmis Þórir H. Óskarsson ljósmyndari, sem spilaði ungur fyrir dansleikjum í Reykjavík, og Ólafur Kristjánsson, fyrrum bæjarstjóri í Bolungarvík, en þeir höfðu síðast spilað saman fyrir 50 árum. Þrátt fyrir það var eins og enginn tími hafi liðið og þeir voru alveg jafn góðir saman jafnvel þótt þeir hafi ekki einu sinni æft saman áður,“ segir Engilbert. Einnig komu meðal annars fram Guðmundur Helgi Jensson og Gísli

Jens Guðmundsson sem spiluðu ásamt Kristni Ebenezersyni, Kristín Harpa Jónsdóttir spilaði á píanó og söng, Sæmundur Jóhann Grettisson spilaði á píanó og Engilbert Ingvarsson söng.

Þá fór fram kynning á bókinni Æfiágríp Kolbeins í Dal sem nýlega kom út á vegum Snjáfjallaseturs í samstarfi við Sögumiðlun. Á sunnudeginum var messað í Unaðsdalskirkju. „Það var full kirkja og að því loknu buðu hjónin í Unaðsdal og Sigurður Sigurðsson í Dalbæ til kirkukaffis,“ segir Engilbert. – thelma@bb.is



Þórir Óskarsson ljósmyndari með meiru þenur nikkuna við undirspil Jóns Hallfræðs Engilbertssonar. Ljósmynd: Helga S. Snorradóttir.



Samþykki er sexy.

Samþykki er sexy á mýraboltanum

Mýraboltafélag Íslands og Sólstafir á Ísafirði hafa tekið höndum saman og standa fyrir forvörnum gegn kynferðisofbeldi um verslunarmannahelgina. Félagið leit aði til samtakanna um samstarf og var því vel tekið. Slagorð Sólstafa um helgina verður „Samþykki er sexy“ en til sölu verða barmmerki með slagorðinu á. Eins ætla Sólstafir að dreifa smokkum í samstarfi við Durex á Íslandi með slagorðinu á. Allur ágóði af barmmerkjasölu fer í starf Sólstafa. Starfsfólk frá Sólstöfum verður á öllum viðburðum mýraboltans. Einnig verður vaktíminn opin alla helgina, í síma 892-4743.

„Við vonumst til að fólk fái útrás í boltanum, og að við verðum óþarfar, líkt og fyrri ár, en allur er varinn góður,“ segir Harpa Stefánsdóttir starfskona Sólstafa. „Við verðum á öllum viðburðum í kringum mýraboltann með barmmerki, smokka og til aðstoðar, svo verðum við líka með fræðslu fyrir starfsmenn á svæðinu og tjalðsvæðunum hér í kringu fyrir helgina, svo allir ættu að vera vel undirbúnir.“

Sólstafir eru sjálfshjálparmiðstöð brotaþola kynferðisofbeldis á Vestfjörðum.

– gunnar@bb.is

Vilyrði gefið fyrir 822 milljóna láni

Stjórn Íbúðalánasjóðs hefur samþykkt lánsvilyrði vegna byggingar hjúkrunarheimilis aldraðra á Ísafirði að fjárhæð 822 milljónir króna. Um er að ræða framkvæmdalán meðan á framkvæmdum stendur sem verður greitt upp með langtímaláni að framkvæmdum loknum. Lánið nemur 100% af byggingarkostnaði 30 rýma hjúkrunarheimilis sem verður 2.250 m² að stærð. Lánið verður til 40 ára og verður tryggt með veði á fyrsta veðrétti. Þetta kemur fram í bréfi frá Íbúðalánasjóði sem lagt var fram til kynningar á síðasta bæjarráðsfundi.

Á fundi nefndar um byggingu hjúkrunarheimilis var rætt við



Teikning af fyrirhuguðu hjúkrunarheimili.

þjónustuhóp aldraðra um byggingu hjúkrunarheimilis um stefnu heimilisins og hvernig dagvist komi til með að samrýmast rekstri þess með tilliti til einkalífs og einkarýmis íbúa. „Á grundvelli

stefnunnar og þess hvernig hjúkrunarheimilið er hannað er það álit aðila að kostir samnýtingar vegi þyngra en gallar,“ segir í bókun er rætt var um kosti þess og galla að færa dagvist frá Hlífi.

Þar kemur fram að byggingin grundvallast á þremur svæðum, sem eru einkarými, sameiginlegt rými hverrar einingar og í þriðja lagi rými sem er sameiginlegt með öllum. – thelma@bb.is

Mikil aðsókn í Safnahúsið

Aðsókn í Safnahúsið á Ísafirði er nokkuð meiri í sumar en undanfarin sumur að mati Jónu Símóníu Bjarnadóttur forstöðumanns. „Fólkið á skemmtiferðaskipunum kíkir við hjá okkur á göngu sinni um bæinn og jafnt innlendir sem erlendir ferðamenn koma hér til að skoða húsið, komast í tölvur og afla sér upplýsinga. Brottluttir Ísfirðingar eru mjög duglegir við að heimsækja okkur og svo eru það fræðimenn sem nota sumarfríið í heimildavinnu

af ýmsu tagi. Þeir staldra þá við hjá okkur í nokkra daga og skoða t.d. skjöl og ljósmyndir. Ekki má gleyma heimamönnum sem koma til að fá sér sumarlestur og fá sér kaffi á meðan þeir kíkja í blöðin,“ segir Jóna Símónía. Þá er sumarlestur bókasafnsins á fullu en hann er ætlaður börnum á grunnskólaaldri. „43 krakkar hafa skráð sig til þátttöku og gaman verður að sjá hversu margar bækur þau lesa. Sýningin hennar Jósefinu

hefur verið mjög vel sótt, yfir 500 manns hafa nú þegar skráð sig í gestabókina þar þrjár vikur sem sýningin hefur staðið yfir,“ segir Jóna. Ýmis konar námskeið hafa jafnframt verið í boði á Safnahúsinu í sumar og má þar nefna námskeiði í bókagerð fyrir börn sem lauk í síðustu. Þar unnu krakkarnir að ýmsum hugmyndum og skemmtu sér vel við hönnuð ýmisskonar bóka sem unnar eru úr margskonar pappír. Þá hafa glöggir bæjarbúar og

gestir þeirra sem leið hafa átt framhjá eflaust tekið eftir að leikmynd er enn á ný komin upp fyrir framan Safnahúsið í ætt við það sem þekkist í karnival-hátíðum ytra en þar geta þeir sem vilja sett höfuð sitt inn um gat þannig að þeir líti út eins og þekkt ævintýrapersóna og látið taka ljósmynd af sér. Safnahúsið hýsir bæjar- og héraðsbókasafn, héraðsskjalasafn, listasafn og ljósmyndasafn Ísafjarðar. – thelma@bb.is

Kílómetri af bláberjafánnum

„Það lítur út fyrir mjög góða berjasprettu í ár þrátt fyrir þurrkatíðina. Nokkrir „athugarar“ eru búnir að fara um og þeir segja að útlitið sé mjög gott. Við þurfum ekki að hafa neinar áhyggjur af því að berin verði ekki bæði stór og þroskuð þegar Bláberjadagarnir ganga í garð, ég býst við því að þau verði enn betri en í

fyrri þó að þau hafi þá verið fín,“ segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavík. Bláberjadagarnir í Súðavík verða helgina 24.-26. ágúst. „Þetta er ekki bara fyrir bláberjafólk,“ segir Ómar Már. „Það er mikil tónlist hér á þessum dögum, frír tónleikar margra hljómsveita á skemmtistöðunum. Fyrir blá-

berjahlaupið í þessu fagra umhverfi er búið að mæla vegalengdir fyrir hálfmaraþon, 10 km og skemmtiskokk. Þorpið verður skreytt í bak og fyrir og búið að kaupa heilan kílómetra af bláberjafánnum fyrir utan margt annað til skreytinga.“ Ómar Már segir að með þessu séu Súðvíkingar bæði aðskemmta

sjálfum sér og gestum sínum. „Við eigum von á miklum fjölda fólks og til að búa okkur undir það höfðum við samband við bændur sem eiga hlíðar smekkgullar af berjum. Allir sem við töluðum við voru mjög jákvæðir og meira að segja útbjuggum við berjakort þar sem berjasvæðin eru merkt og skilgreind.“

FJÖRUSÖNGUR

TÓNLEIKAR - BRENNA - FLUGELDAR

MYRARBOLTA FÉLAG ÍSLANDS BÝÐUR
VESTFIRÐINGUM OG LANDSMÖNNUM ÖLLUM Í
FJÖRUSÖNG SEM HALDINN VERÐUR
LAUGARDAGINN **4. ÁGÚST** KL. 22:00 Á SUÐURTANGA.
SÖNGNUM VERÐUR STÝRT AF **PAPAMUG**
ÁSAMT ÞVÍ AÐ **DIKTA** OG **VINTAGE CARVAN**
MUNU KOMA FRAM.
FRÁBÆR SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA SEM
ENGINN MÁ LÁTA FRAM HJÁ SÉR FARA.
AÐGANGUR ÓKEYPIS



WWW.MYRARBOLTI.IS

Samkaup **úrval**

góðir grannar

Helgartilboð 2. - 5. ágúst



Svínakótelettur
úr kjötborði eða pakkaðar ferskar



Svínalundir
úr kjötborði eða pakkaðar ferskar



Hamborgarar 2x120g
frá Kjarnafæði



Lays flögur 175g
5 tegundir



Ný sérbökuð vínarbrauð
frá Myllunni



...sjá fleiri tilboð og uppskriftir á samkaupurval.is



Mýraboltinn 2012:

Við bjóðum í kaffi og drullukökur á föstudaginn kl. 15-17

Allir velkomnir!

**Samkaup úrval Ísafirði
Hafnarstræti 9-14**



Lokahóf undir berum himni

Fyrirhugað er að halda lokahóf Mýraboltans í ár undir berum himni. Rætt var um það fyrir í sumar að lokahóf Mýraboltans hefði farið illa með gólf íþróttahússins á Torfnesi. Stjórn Mýraboltafélagsins hafnaði ásköpunum þess efnis en benti þó á þá augljósu staðreynt að íþróttahúsið á Torfnesi bæri ekki lengur þann fjölda sem sækir lokahófið.

Stjórn Mýraboltafélags Íslands hefur því ákveðið að slá upp útdansleik sem haldinn verður á athafnasvæði Eimskipa við Sundahöfn. „Dagskráin verður annars með hefðbundnu sniði,“ segir Jóhann Bæring Gunnarsson, drullusokkur. „Byssi (Ingvar Örn Ákason, oft kallaður Byssan) verður veislustjóri og svo mun Húsið á Sléttunni spila fyrir dansi að verðlauna afhendingu og skemmtiatriðum loknum.“ – gunnar@bb.is

Spurningin

Verður þú á faraldsfæti um verslunarmannahelgina?

Alls svöruðu 526.
Já sögðu 97 eða 18%
Nei sögðu 429 eða 82%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Hæg viðri og bjart með köflum, en líkur á skúrum sunnan- og vestanlands. Hiti víða 10-15 stig, en allt að 20 stigum SV-til. **Horfur á laugardag:** Hæg viðri og bjart með köflum, en líkur á skúrum sunnan- og vestanlands. Hiti víða 10-15 stig, en allt að 20 stigum SV-til. **Horfur á sunnudag:** Hæg viðri og bjart með köflum, en líkur á skúrum sunnan- og vestanlands. Hiti víða 10-15 stig, en allt að 20 stigum SV-til.

Sorpið úldnar og maðkar og lyktin er óþolandi

Mikil óánægja virðist ríkjandi með þá tilhögun að almennt heimilissorp skuli ekki lengur vera hirt vikulega í Ísafjarðarbæ eins og áður var heldur hálfsmánadaglega. Fólk sem rætt hefur verið við segir þetta einkum hábölvað núna þegar hlýtt er í veðri yfir sumarið. Líflegar umræður hafa verið um sorpmálin í bæjarfélaginu eftir umfjallanir hér á vefnum að undanfögnu.

„Þetta er fljótt að safnast upp þegar maður er með stóra fjölskyldu,“ segir einn viðmælandi. „Það er mjög slæmt þegar svona heitt er úti að svona langt skuli líða á milli, maður reynir að



þakka sorpinu eins vel inn og hægt er en það dugur ekki til. Þetta úldnar og maðkar og lyktin er óþolandi, það er hreinlega ólíft. Mér finnst við vera komin ansi

langt aftur í tímann með þessu.“ Sorp í Ísafjarðarbæ er að vísu hirt vikulega en þá eru sorpflokkarnir teknir til skiptis. Aðra vikuna er heimilissorpið tekið og

hina vikuna það endurvinnnalega. „Það flæðir út úr tunnunni, þetta er ógeðslegt, þetta er til skammar,“ segir annar viðmælandi. – hlynur@bb.is

Framkvæmdir við ofanflóðavarnir boðnar út í vetur

Ísafjarðarbær hefur náð samkomulagi við Landsnet varðandi færslu á 66 kW rafstrengnum ofan við Urðarveg á Ísafirði og mun fyrirtækið vonandi klára það verk núna í haust, að sögn Daníels Jakobssonar bæjarstjóra. Jafnframt mun Landsnet væntanlega

taka spennistöðina sem núna er fyrir ofan Hjallaveg og hafa hana framvegis inni á Skeiði.

Núna þegar þetta liggur fyrir standa vonir til þess að hægt verði að bjóða út fyrsta verkhlutann í gerð ofanflóðavarna undir Gleid-arhjalla í janúar-febrúar í vetur

og að hafist verði handa á vor-mánuðum, segir bæjarstjóri. Varðandi fyrirhuguð uppkaup á fasteignum að Seljalandsvegi 100 og 102, sem ekki munu njóta skjóls af varnargörðunum, segir bæjarstjóri að það mál sé í vinnslu.

Gerð varnargarðanna verður væntanlega boðin út í tveimur til fjórum áföngum. Að sögn bæjarstjóra er gert ráð fyrir því að bygging varnargarðanna taki þrjú ár hið minnsta en síðan taki við tveggja til þriggja ára uppgræðslutímabil.

Ritstjórnargrein

Situr við hið sama

Skattskráin liggur fyrir. Frjáls verslun tilgreinir tekjur 3000 Íslendinga og DV tíundar hátt á þriðja hundrað lögaðila (hjórn og einstaklinga) sem að lágmarki eiga hundrað milljónir, sem hreina eign. Bara nokkuð gott mætti ætla, þar sem enn er ágreiningur um hvort þjóðin sé byrjuð að feta sig út úr lægðinni, sem heltist yfir íslenskt efnahagslíf á haustdögum 2008.

DV getur þess að þótt upplýsingarnar gefi í mörgum tilvikum góða hugmynd um mánaðarlaun einstaklinga sé þó er hængur á. Þeim sem reka eigið fyrirtæki er (líkt og áður) í sjálfsvald sett hvað þeir greiða sér í laun. Þeir geta þannig gefið upp hófleg laun en á bak við tjöldin greitt sér milljóna arðgreiðslur út úr fyrirtækjum sínum án þess að af þeim fjármunum sé greitt útsvar til sveitarfélagsins.

Á þessa gloppu í skattkerfinu hefur margsinnis verið bent. Í leiðara BB í nóv. 2001 var vitnað í grein eftir Svein Jónsson, löggiltan endurskoðanda, í Morgunblaðinu, en þar sagði: „Tekjuskattar, hvort heldur er til ríkis eða bæjar- og sveitarfélaga, verða í framkvæmd sérskattar á tekjur þeirra er vinna í þjónustu annarra, þar eð aðrir geta nokkurn veginn ákveðið sjálfir skattlagningu sína.“ Og Sveinn heldur áfram: „Að sjálfsögðu er vegið að rótum réttarríkisins ef stórir hópar í þjóðfélaginu geta ákveðið með hliðsjón af sínum fjárhagslegu hagsmunum að hlíta sumum lögum en öðrum ekki. Í okkar fámenna þjóðfélagi blasir það misrétti sem í þessu felst enn frekar við í dag-

legu lífi en reyndin er í stærri þjóðfélögum.“ Og hann heldur áfram: „Með hliðsjón af niðurstöðu opinberrar nefndar á árinu 1993 má áætla að ríflega 20 milljarðar kr. muni ekki skila sér til hins opinbera á árinu 2002 vegna skattsvika.“ Hvaða upphæðir ætli sé um að ræða á því herrans ári 2012?

Já, vandamálið er ekki nýtt af nálinni: „Opinberar skýrslur og aðrar upplýsingar (segir Sveinn, 2001) benda eindregið til þess að lítt eða ekki hafi dregið úr heildarskattsvikum og að skattasíðferði hafi almennt hrakad.“ Allan þennan tíma hefur ekkert marktækt verið gert til að uppræta ósömann. Á tugmilljarða árlega veltu neðanjarðarhagkerfisins hefur verið litið á sem hverja aðra meinsemd, sem ekki væri búið að finna upp lækningar við. Og þar við situr. Hvað ætli þær séu margar nefndirnar á vegum hins opinbera, sem hafa skilað skýrslum og tillögum til úrbóta til á skattkerfinu? Tillögur, sem jafn oft og þær hafa komist á blað hafa rykfallið í skúffum fjármálaráðuneytisins í gegnum árin?

Á meðan stjórnmaðlamenn upp til hópa skortir kjark og eða getu til að taka á þessu einu brýnasta vandamáli samfélagsins heldur sveitarfélögunum áfram að blæða út.

Áratugur er síðan Sveinn skrifaði grein sína. Þarf annar eins tími að líða þar til stjórnmaðlennirnir taka að rumska?

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. Guðmundur Björn Þorbjörnsson, sími 692 8686, guðmundur@bb.is. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið m. vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**



SVEITASÆLA Í BÓNUS ÍSLENSKT JÁ TAKK

VINSÆLASTA HAKKIÐ Í BÓNUS



1498
KR. KG

ÍSLANDSNAUT;
FERSKT ÍSLENSKT UNGNAUTAHAKK



ÍSLANDSNAUT VINSÆLUSTU
HAMBORGARARNIR Í BÓNUS
HREINT ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT

FJÓRIR
HAMBORGARAR
MEÐ BRAUÐ



798
KR. PK

100%
UNGNAUTA-
KJÖT



100%
NAUTAKJÖT

398
KR. 2 STK.

FERSKIR 2 X 140 GR.
UNGNAUTA-HAMBORGARAR



BÓNUS
Kjúklingur

FERSKAR
KJÚKLINGA-
BRINGUR

2098
KR. KG

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

FROSID KS LAMBAKJÖT Á GÓÐU VERÐI



798
KR. KG

LAMBABÓGUR / FRAMPARTUR

FROSID KS LAMBAKJÖT Á GÓÐU VERÐI



1298
KR. KG

HEILT LAMBALÆRI

FERSKT EINIBERJAKRYDDAÐ LAMBALÆRI



1359
KR. KG



NÝJAR ÍSLENSKAR
KARTÓFLUR Í LAUSU

298 KR.KG



398
KR. 500 G

NÝJAR ÍSLENSKAR GULRÆTUR



459
KR. KG

NÝTT ÍSLENSKT SPERGILKÁL



398
KR. KG

NÝTT ÍSLENSKT KÍNAKÁL



279
KR. 250 GR

ÍSLENSKIR
KIRSUBERJATÓMATAR



329
KR. KG

NÝIR ÍSLENSKIR TÓMATAR
Í LAUSU



139
KR. STK

ÍSLENSKAR AGÚRKUR 350 G



OS GOUDA 26% OSTUR

1098 KR.KG



BÓNUS OSTUR 130 GR
CAMENBERT/KASTALI

298 KR.



198
KR. STK

ÍSLENSKT GRANDSALAT
Í POTTI

Ætlar sér að vera fyrst til að klára heilt maraþon

Ísafirðingurinn Arna Sigríður Albertsdóttir ætlar sér að vera fyrsti fatlaði einstaklingurinn til að klára heilt maraþon í Reykjavíkumaraþoninu sem fer fram 18. ágúst. Eins og það sé ekki nóg þá ætlar hún að gera það á nægjanlega góðum tíma til að vera með fremstu mönnum og konum í hlaupinu, að því er segir í tilkynningu. Hún er þessa stundina eini fatlaði einstaklingurinn sem stundar svokallaðar handahjólreiðasem er vaxandi keppnisgrein erlendis og er m.a. keppt í ýmsum á ÓL fatlaðra.

Miðaldardagur í Heydal

„Það hefur verið mjög góður straumur í sumar og fullbókað nánast alla daga. Það eru mest erlendir ferðamenn sem eru að koma og einstaka hópar inn á milli. Tjaldsvæðið var t.a.m. fullt um daginn er þar voru 130 manns úr félagi húsbílaeigenda. Þá er vinsælt að stoppa hér á leið vestur eða suður til að hvíla sig og næra,“ segir Stella Guðmundsdóttir ferðamálafrömuður hjá Ferðaþjónustunni í Heydal í Mjóafirði.

Síðastliðið sumar var Inn-djúpsdagurinn haldinn í fyrsta sinn og fékk góðar viðtökur. Dagurinn er samstarfsverkefni fræðimanna sem starfa við fornleifauppgröft í Vatnsfirði, ferðaþjónustunnar í Heydal og Súðavíkurrepps. Um er að ræða fjölskylduhátíð með miðaldarívafi. Í ár verður hátíðin haldin laugardaginn 4. ágúst. Boðið verður upp á líflega dagskrá s.s. leikþátt um Björn Jórsalafara, kennslu í miðaldardansi og söng og leiðsögn um uppgröftinn í Vatnsfirði.

Undanfarin ár hefur ferðaþjónustan boðið upp á fjögurra daga norðurljósaferðir með fjölbreyttri dagskrá samhliða skoðun norðurljósa og segir Stella að vinsældir þeirra fari vaxandi. „Það var 100% aukning í þessar ferðir á síðasta ári og nú þegar er pantanir farnar að berast fyrir haustið, það sýnir best þau jákvæðu viðbrögð sem ferðirnar hafa fengið.“ – gunnar@bb.is

Um þessar mundir er Arna á Ísafirði þar sem hún æfir yfir sumartímamann en undanfarnar tvær vikur hefur hún verið í æfingabúðum í Svíþjóð þar sem hún hélt við æfingum á hjólinu og lærði m.a. á kayak og sjóskíði.

Arna Sigríður lamaðist í æfingaferð með hópi frá Skíðafélagi Ísafjarðar í Geilo í Noregi í lok

árs 2006 þegar hún fór út af skíðabrautinni og rakst á tré. Við áreksturinn brotnuðu þrjú hryggjarliðir og Arna Sigríður hlaut alvarlegan mænuskaða með þeim afleiðingum að hún er lömuð fyrir neðan brjóstkaða. Arna Sigríður hefur þó ekki látið fötlun sína koma í veg fyrir að ná stórum markmiðum í lífinu.



Arna Sigríður var fyrst í mark í Óshlíðarhlaupinu sem haldið var í júlí. Mynd: Benedikt Hermannsson.

Eftirlitsnefndin stóð ekki við sitt

Þegar leitað var nánari skýringu á bókun bæjarráðs Bolungarvíkurkaupstaðar um „fáheyrða“ og „ótrúlega“ stöðu sem bæjarfélagið væri í, hafði Elías Jónatansson bæjarstjóri þetta að segja: „Staðan er sú gagnvart Bolungarvíkurkaupstað, að við vorum með samning við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga um ákveðnar aðgerðir í fjármálum. Samningurinn var samsé milli sveitarfélagsins og nefndarinnar en ekki við aðra. Sveitarfélagið þurfti að uppfylla ákveðin skilyrði, sem voru m.a. að hækka gjaldskrár um allt að 25%, fækka stöðugildum um 15%, fresta framkvæmdum og lengja fram-

kvæmdatíma, setja 10% álag á útsvar árið 2009 og 5% árið 2010. Við þurftum samsagt að taka til í rekstrinum og hagræða. Við gerðum það og höfum staðið við allt okkar, að sögn Eftirlitsnefndarinnar sjálf. Á móti kom, að nefndin skuldbatt sig til að fylgja eftir aðkomu lánardrottna og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að endurskipulagningu fjármála Bolungarvíkurkaupstaðar. Það var því í verkahring Eftirlitsnefndar samkvæmt samningnum, að fylgja því eftir að Íbúðalánasjóður féldi niður samtals 146 milljónir af 300 milljóna króna skuldum kaupstaðarins við sjóðinn. En nefndin hefur sjálf

orðað það svo: „EFS telur það mjög miður og á í raun afar erfitt með að setta sig við það að ekki hafi reynst unnt að standa við samkomulag um fjárhagslega endurskipulagningu Bolungarvíkurkaupstaðar samkvæmt samningi ...“ – það er að henni hafi ekki tekist að standa við þann hluta samningsins, að lánardrottinn, í þessu tilviki Íbúðalánasjóður, stæði við að fella niður 73 milljónir af þeim 146 milljónum króna sem samkomulagið gekk út á. Núna var Eftirlitsnefndin að senda okkur bréf þar sem hún segir að við uppfyllum ekki skuldaviðmið samkvæmt sveitarstjórnarlögum, að sveitarfélagið

skuldi 167% af árstekjum, en það viðmið má mest vera 150%. Nú vilja þeir fá frá okkur áætlun um það hvernig þessu verði komið í lag á tíu árum. Okkar svar við því er að fyrsta skrefið sé að Eftirlitsnefndin standi við undirritaða samninga og við það náist sú skuldalækkun sem til þarf að fjórum fimmtu hlutum. Þá stæði eftir um 21 milljón króna til að ná settu marki, sem við hefðum þá 10 ár til að glíma við og allir sjá að ætti að vera vel viðráðanlegt. Við myndum auðvitað gera grein fyrir því hvernig skuldarnar yrðu lækkaðar um þá fjárhæð þegar Eftirlitsnefndin hefði klárað sín mál,“ segir Elías Jónatansson.



Samkomuhúsið sést fyrir miðri mynd, hvítt með rauðu þaki.

Samkomuhúsið í Vatnsfirði selt

Guðbrandur Baldursson frá Vatnsfirði við Djúp hefur selt gamla samkomuhúsið í Vatnsfirði, sem Ungmennafélagið Vísir í Reykjavíkjardarhreppi byggði þar árið 1925. Kaupendur eru Ólöf S. Davíðsdóttir glerlistakona í Borgarnesi og Bryndís Friðgeirsdóttir kennari á Ísafirði. Guðbrandur hefur átt húsið frá 1987 eða síðasta aldarfjórðunginn. „Það var yfirstíganlegt,“ segir Guðbrandur aðspurður um söluverð hússins. Ríkið er eigandi kirkjujarðarinnar í Vatnsfirði þar sem samkomuhúsið er niðri við sjóinn. Húsafríðunarnefnd hefur til skoðunar að setja húsið í B-flokk friðunar vegna sögulegs gildis.

– hlynur@bb.is

„Nilli, þegar maður fær 10 gígabæt fyrir 500 kall þá er tími það eina sem mann vantar.“




10 GB Stærsta 3G net landsins 500 kr.

Tal kynnir til sögunnar niðurhal á stærsta **3G** neti landsins á áður óþekktu verði. Það þýðir að viðskiptavinir **Tals** sem eru með farsíma í áskrift geta gert ótrúlegustu hluti á netinu á ótrúlegustu stöðum. Jafnvel horft á heilu maraþonin í útilegunni.

Kynntu þér **10 GB** fyrir **500 krónur** í síma **6-123456** eða á **www.tal.is**.

Svona á samband að vera.



■ 3G
■ 2G

Tal er á 3G neti Símans



Gamli Olíumúlinn á Ísafirði illa farinn

Hafnarbakkinn á gamla Olíumúlanum svokallaða í innri höfninni við Pollinn á Ísafirði er orðinn mjög illa farinn eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. „Þetta hafnarmannvirki er löngu aflagt sem slíkt, við vitum að þetta er hættusvæði og þess vegna höfum við sett upp skilti á íslensku og ensku þar sem það kemur fram og jafnframt að öll umferð gangandi fólks sé bönnuð,“ segir Guðmundur M. Kristjánsson hafnarstjóri. Að sögn Guðmundar hefur ekki verið ákveðið hvað gert verði í þessu máli. Annars vegar kæmi til greina að ráðast í endurbætur og hins vegar að rífa mannvirkid.



Fá 59 milljóna króna endurgreiðslu

Bolungarvíkurkaupstaður hefur fengið 59 milljónir króna endurgreiddar vegna endurbyggingar Félagsheimilis Bolungarvíkur. Um er að ræða endurgreiðslu á virðisaukaskatti. „Ríkisskattstjóri gerði þá kröfu að greiddur yrði virðisaukaskattur af allri starfsemi í húsnæðinu,“ segir Elías Jónatansson bæjarstjóri. Í kjölfarið óskaði bæjarráð eftir því að allur innskattur vegna endurbyggingar á húsnæðinu yrði endurgreiddur.

„Það velktist um í kerfinu í um níu mánuði, en við fengum svo að lokum jákvætt svar sem skilaði um það bil 59 milljónum til baka,“ segir Elías. Hann segir að fjármunirnir verði notaðir til góðra verka og uppbyggingar á eignum í bæjarfélaginu. „Þeir verða m.a. notaðir til endurbóta á leikskólalóðinni, í grunnskólanum og til umhverfismála. Restin mun síðan fara til niðurgreiðslu skulda,“ segir Elías.

– gunnar@bb.is



Frá athöfninni á Bessastöðum. Ljósmynd: mbl.is.

Sr. Agnes sæmd stórkrossi fálkaorðunnar

Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands sæmdi sr. Agnesi M. Sigurðardóttur, sem tók við embætti biskups Íslands um síðustu mánaðamót, stórkrossi fálkaorðunnar við athöfn á Bessastöðum í síðustu viku. „Verkefni eru næg og verðug og mörg hver af ólíkum toga en mér finnst mjög gaman að fást við þetta,“ segir sr. Agnes í samtali við mbl.is. Hún segir verkefni flest lúta að starfsmannamálum. „Svo hef ég vígt prest og sett annan prest í em-

bætti prófests en mestur tími hefur farið í viðtöl og að koma sér inn í málin.“

Dagskráin hjá biskupi er þétt skipuð. „Framundan er t.d. kirkjuafmæli og biskupsvígsla á Hólum, sem er mjög stórt verkefni. Í gær var innsetning forseta Íslands og í lok ágúst tek ég þátt í biskupsvígslu í Svíþjóð. Svo er ég búin að lofa að predika í kirkjum flesta sunnudaga.“ Að auki mun Agnes sitja sitt fyrsta kirkjuþing í haust.

Minni fækkun í GÍ en oft áður

Mjög lítillega mun fækka í nemandahópnum í Grunnskólanum á Ísafirði milli ára á komandi vetri, að sögn Sveinfríðar Olgu Veturliðadóttur skólalátna. Sem endranær kemur fækkunin til vegna þess að stærri árgangar útskrifast

en þeir sem koma inn. Samt er hún ekki eins mikil að þessu sinni og oft hefur verið, segir Sveinfríður Olga, vegna þess að fleiri börn virðast vera að flytjast í bæinn en þau sem flytjast burt. Jafnt og þétt hefur fækkað í kenn-

araliðinu í GÍ með árunum og að þessu sinni fækkar um eitt og hálf stöðugildi. Nemandafjöldinn í skólanum á komandi vetri verður um 380.

Sú nýjung verður í Grunnskólanum á Ísafirði að þessu sinni,

að farið verður í þróunarverkefni sem ber það sérkennilega heiti Byrjendalæti. „Það er skemmtilegt verkefni í íslenskukennslunni í fyrsta og öðrum bekk,“ segir Sveinfríður Olga skólalátna. – hlynur@bb.is



Makríllinn ryksugar Djúpið og kríuungarnir drepast

„Það er bara eins og makríllinn sé búinn að ryksuga Djúpið, maður sér ekki kríu með síli,“ segir Björn Baldursson í Vigur á Ísafjarðardjúpi. „Kríuvarpið hér fór mjög vel af stað og þetta leit mjög vel út, alveg þangað til núna fyrir kannski fimm-sex dögum. Þá fór maður að sjá dauða kríuunga um allt, stálpaða unga sem áttu að vera færir í allt þó að það kæmi svolítill rigning.“ Björn segir að kríuvarpið hafi gengið vel í fyrri. „Þá var heldur enginn makríll sjáanlegur. Núna er hann hér í Djúpinu í stórum torfum.“

Fjalla- og klifursport



10.890 kr.
Fjallahjálmur



29.990 kr.
Klifurlína 60m



14.900 kr.

Klifuraxir
eitt verð -
allar stærðir



7.720 kr.
Legghlífar



3.880 kr.
Karabína



4.900 kr.
Hnífur í
klifurbelti



14.430 kr.

Lumex
Pro ljós
185Lm



16.680 kr.

Mannbroddar
verð frá



7.720 kr.

TOP
klifurbelti



2.490 kr.

Vatnsheld
mp3 heyrnatól



4.400 kr.

Vatnshelt mp3 hulstur

Topp vörur fyrir göngugarpa og áhugafólk um sjósport

BoLL bakpokar í úrvali



18.900 kr.

Fyrir Esjuna:
BoLL Trailhead 30L



34.900 kr.

Fyrir Laugavegin:
BoLL Tower 48L



38.900 kr.

Fyrir Laugavegin:
BoLL Tower 62L



48.900 kr.

Fyrir Hornstrandir:
BoLL Phantom 75L



28.900 kr.

Fyrir Hnjúkinn:
BoLL Ego Lite 37L



32.170 kr.

Fyrir Hnjúkinn:
BoLL Ego Lite 47L

Sjósport



34.900 kr.

Mullion flotvinnugallar



14.900 kr.

Barnaskór og
-hanskar í úrvali

GUL shadow
þurrbúningar
64.900 kr.
- einnig til
barnastærðum



17.900 kr.

GUL
flisgalli



9.890 kr.

Björgunarvesti



UPPSELDIR
TÓKUM VÍÐ PÖNTUNUM

Islander Sit-On-Top
veiðikajakar

179.900 kr.



29.900 kr.

Aquatic kajakavesti



21.790 kr.

Jet-Ski vesti



Sjóskiði og
stórar blöðrur
í úrvali



Seago
uppblásanleg
björgunarvesti
verð frá

18.900 kr.



Björgunarbátar fyrir skemmtibáta

TILBOÐSVERÐ

139.900 kr.



Valley Aquanut sjókajakar
kynningarverð

229.900 kr.

GGSjósport

Súðavogi 42, 104 Reykjavík • sími: 571 1020 • www.ggsjosport.is

BoLL
MOUNTAIN & OUTDOOR GEAR

**singing
rock**

Ást í meinum

– að endurvinnna gamla klisju

Honum fannst Garðabær sviplaus og plebbalegur en bærinn hefur reynst fjölskyldunni góð umgjörð. Óskrifaðar reglur segja víst að rithöfundar skuli búa í 101 Reykjavík. Í Rúnari Helga Vignissyni býr hins vegar lítill uppreisnarmaður – „og því finnst mér gaman að gefa þessum óskrifuðu reglum langt nef“.

Á dögunum sendi Rúnar Helgi frá sér nýtt skáldverk, *Ást í meinum*, sem hefur fengið afar lofsamlegar viðtökur. Um er að ræða safn fimmtán efnislega tengdra sagna – tengingin er í gegnum samskipti fólks og tilfinningar, sem eru líklega meiri spennuvaldur en flest annað í lífinu.

Rúnar Helgi er Ísafirðingur, sonur hjónanna Vignis Jónssonar og Láru Helgadóttur, sem lengi ráku Olúfúlag útvegsmanna. Hann er kvæntur Guðrúnu Guðmundsdóttur, en foreldrar hennar voru Þorgerður Einarsdóttir og Guðmundur Marinósson sem bjuggu á Ísafirði lengst af en eru nú látin.

Ást í meinum er sjöunda skáldverk Rúnars Helga, sem hefur unnið til viðurkenninga bæði fyrir skáldverk og þýðingar. Núna gegnir hann stöðu lektors í ritlist við Háskóla Íslands – fyrsti fast-ráðni kennarinn í þeirri grein. Hvernig skyldi það hafa komið til?

„Ég fékk starfið við Háskóla Íslands fyrir fjórum árum og í kjölfarið ákvað ég að hætta að þýða í bili og nýta allan minn rannsóknartíma í frumsamningar. Ég var ráðinn inn sem listamaður og mér er beinlínis ætlað að iðka list mína og rannsóknir á henni meðfram kennslunni, rétt eins og kennurum við Listaháskóla Íslands.“

Þetta er fyrsta frumsamda skáldverkið sem kemur út eftir að ég tók við starfinu og inniheldur fimmtán smásögur sem eru efnislega tengdar. Þær fjalla allar um samskipti, um ástir í víðum skilningi og ýmislegt sem kemur upp á í samböndum okkar, hvort sem um er að ræða hjónabönd, vinasambönd eða fjölskyldutengsl.

Sögurnar eru flestar fremur stuttar, 10-20 síður, og samkvæmt fyrstu meldingum lesenda er í þeim mörgum viss sálfræðileg spenna, enda gengur fólk iðulega í gegnum miklar hremm-

ingar í samböndum sínum. Fólk verður líka oft harðskeytt í leit sinni að hamingjunni, a.m.k. er það svo í þessum sögum. Titill bókarinnar, *Ást í meinum*, er gömul klisja sem flestir tengja við rómantískar ástarsögur, en ég freista þess hér að endurvinnna hann. Það er nú meinið,“ segir Rúnar Helgi og brosir.

Kominn inn í vinnurými kvenna?

– Þú ferð mjög nálægt persónum þínum ...

„Það má segja að sögurnar gerist í einkarými að miklu leyti. Þær sýna söguhetjurnar í glímu við persónuleg málefni, við makann, við kynhneigð, við sjúkdóma, við tilfinningar, við að eldast saman. Sumir mundu segja að þarna væri ég kominn inn í vinnurými kvenna, og ef svo er, þá geri ég það í trausti þess að jafnréttisbaráttan hafi skapað okkur karlmönnum annars konar rými en hefðbundnar væntingar gera kröfu um. Mér leiðast margar af þeim væntingum sem fólk hefur gjarnan til karlmanna, finnst þær mjög takmarkandi fyrir mig sem manneskju og höfund.“

Vissulega má segja að ég sé að fjalla um viðkvæmt efni, en að mínu mati er þetta efni sem skiptir okkur öll máli. Og skáldskapurinn er besta formið til að fjalla um það.“

– Þetta er þriðja sagnasafnið sem þú sendir frá þér. Heldurðu upp á smásagnaformið?

„Smásagan hefur verið í uppáhaldi hjá mér lengi. Ég hef nokkrum sinnum kennt námskeið um smásagnafræði og ætti því að vera vel að mér um þetta form. Hef líka á annan áratug verið að safna smásögum héðan og þaðan úr heiminum og vonast til þess að geta gefið út sýnisbók þeirra sagna.“

En það er eitt að þekkja formið sem fræðimaður, annað að skrifa smásögur sjálfur. Ég hef skrifað smásögur í þrjátíu ár og vonandi náð betri og betri tökum á því með árunum. Smásagan gerir aðrar kröfur til höfundar en lengri form. Í henni er farið fram á mikla hnitmiðun, að hvert atriði skipti máli, að hún sé sterk heild, eins konar blossi þegar best lætur. Um leið þarf höfundinum að vera lagið að draga upp myndir af

persónum í fáum dráttum og reyndar getur hann þurft að skapa mun fleiri persónur en skáldsagnahöfundur sem heldur sig iðulega við sömu persónuna í mörg hundruð síður.

Mér finnst gaman að búa til sögur sem kristalla lyklatvik í lífi aðalpersónunnar og marka jafnvel allt líf hennar. Þetta á við um margar sögurnar í *Ást í meinum* sem annars fjalla bara um hversdagslíf venjulegs fólks í samtímanum.“

– Páll Baldvin Baldvinsson bókmenntagagnrýnandi segir í lofsamlegum ritdómi í Fréttatímanum að víða glytti í miklar tragedíur í sögunum.

„Ekki það að ég hafi lent í miklum hremmingum sjálfur umfram það sem eðlilegt getur talist hjá manni í minni stöðu. Líf listamanns er aldrei einfalt, hvar sem hann býr í heiminum, en líf mitt hefur á margan hátt verið ævintýralegt og innihaldsríkt þótt vissulega eigi ég mínar sorgir eins og aðrir. Það er alltaf jafn mikill vandi að vera manneskja, svo ég tali nú ekki um hið síbreytilega hlutverk karlmannsins í sambúð og samfélagi.“

Tragedíurnar eiga persónulegar tengingar

„Tragedíurnar í bókinni eru uppspunnar en hvað mitt líf varðar tengjast þær helst tengdaforeldrum mínum sem lentu í miklu mótlæti um tíma og dóu bæði fyrir aldur fram eftir erfið veikindi. Það hefur óneitanlega haft mikil áhrif á líf okkar Guðrúnar og hefur orðið mér hugleikið á ýmsan hátt.“

Þegar nákomnir ættingjar lenda í útistöðum sem tengjast fæðingarbæ manns fer heldur ekki hjá því að það mengi hann fyrir manni, jafnvel þótt maður viti mætavel að sjaldan valdi einn þá tveir deila. Sú óþægilega hugsun leitar á mann hvað eftir annað, að mótlætið á Ísafirði hafi valdið tengdaforeldrum mínum heilsutjóni. Fyrir vikið hafa tengslin við ræturnar orðið flókin og erfið. Það er stundum eins og maður sé staddur inni í verki eftir William Faulkner eða Shakespeare þegar maður hugsar um þetta, en okkar er að vinna úr þessari erfiðu reynslu og reyna að læra af.“

– Hvers vegna ákvaðstu að verða rithöfundur?

„Þetta voru bernskubrek!“ segir Rúnar Helgi og hlær. „Frá því ég var unglingur hef ég haft mikinn áhuga á tungumálum og á því að skapa úr orðum. Jafnframt hef ég alla tíð haft ríka tjáningarþörf – og ætli ég sé ekki að einhverju marki hégómlegur líka! Ég hóf að skrifa þegar ég var unglingur, birti fyrsta efnið í skólablöðum og héraðsfréttablöðum á Ísafirði. Ég var svo heppinn að komast að því snemma hvar ástríða mín lá og hún hefur knúið mig í gegnum lífið hingað til. Það er svo mikils virði að eiga sér ástríðu, sumir fara í gegnum lífið án þess að finna fyrir algleyminu sem hún getur af sér. Önnur vímuefni þarf ég ekki.“

Í seinni tíð hef ég gert mér betri grein fyrir vægi rithöfundar í samfélaginu. Það kom t.d. vel í ljós í aðdraganda ferðar með Jóhönnu Kristjónsdóttur til Írans í fyrra. Þá varaði hún mig við því að gefa upp starfsheitið rithöfundur þegar sótt var um vegabréfsáritun. Rithöfundar eru hættulegt fólk að mati þeirra sem vilja ráðskast með annað fólk, en þeir eru hins vegar einn lykillinn að heilbrigðu lýðræðisríki. Rithöfundar eiga stóran þátt í að halda úti skoðanaskiptum og benda á ýmislegt sem betur má fara. Þess vegna er tjáningarfrelsið svo dýrmætt.“

Hlutverk listanna fyrir manneskjurnar

„En rithöfundar hafa líka annað og persónulegra hlutverk sem tengist tilvist okkar allra. Með því að fást við hlutskipti okkar, innstu þrjár og viðkvæmustu tilfinningar, tengja þeir okkur hvert öðru og segja okkur að við séum ekki ein. Þetta er hlutverk lista almennt og þess vegna hafa listimmar svo mikla þýðingu fyrir okkur sem manneskjur.“

En af hverju sonur landvers og skers verður rithöfundur, því get ég ekki svarað nema með því að í loftinu hafi legið eftirsókn eftir háleitum gildum sem í þessu tilfelli beindist að tjáningu og miðlun. Ég varð líka ungur uppnuminn af okkar fremstu rithöfundum, einkum Halldóri Laxness, og það hafði mikil áhrif á þessa ákvörðun mína.“

st, þessi varða er hryggjúlán í manni
njóbráð í hún he



Starfsmaður á plani

– Þú hefur starfað mikið að félagsmálum fyrir rithöfunda ...

„Starf rithöfundarins er einmanalegt og þetta var ein leiðin til þess að hitta fólk. Auk þess vildi ég leggja mitt af mörkum til bókmenntasamfélagsins, ekki vera bara þiggjandi. Ég sat því í stjórn Rithöfundasambands Íslands í átta ár, síðustu fjögur árin sem varaformaður. Enn fremur var ég einn af stofnendum Bandalags þýðenda og túlka og gegndi þar formennsku um tíma. Þá hef ég setið í stjórn Bókmenntaborgar UNESCO og Bókmenntasjóðs og nýverið var ég kjörinn í stjórn Samtaka móðurmálskennara.

Ég skilgreini mig sem starfsmann á plani bókmenntanna í víðum skilningi og vil vinna að framgangi þeirra á ýmsan hátt, ekki bara sem rithöfundur og þýðandi. Ég hef mikinn áhuga á að efla þýðingar í landinu, bæta kjör þýðenda og gera þá sýnilegri, af því að ég tel þýðingar vera eina af undirstöðum máls og menningar í landinu.

Líka hef ég mikinn áhuga á að efla ritunarkennslu í skólakerfinu, nokkuð sem ég hef skrifað um og m.a. þess vegna fór ég inn í stjórn Samtaka móðurmálskennara. Það er til lítils að læra tungumál ef fólk fær ekki næga þjálfun í að vinna með þau á skapandi hátt. Stjórnendur Grunnskólans í Bolungarvík virðast hafa áttað sig á þessu því börn þaðan vöktu nýverið landsathygli fyrir ritfærni, sem helgast auðvitað af því að þau fá tækifæri til að skrifa í skólanum. Þetta er bara æfing eins og annað.“

Gangurinn verid misjafn

„Maður þarf að vera stór í sér til að vinna áratugum saman á vettvangi bókmenntanna eins og annarra lista í fámennu samfélagi. Oft er á brattann að sækja og oft hafa manni fallist tíma-bundið hendur sökum þess sem manni virðist vera tómlæti samtíðarmanna sinna. Ég hef nú gefið út sjö frumsamin skáldverk og einar fimmtán þýðingar auk kennslubókar sem er víða notuð, skrifað ótal blaða- og tímaritsgreinar – og gangurinn í þessu hefur sannarlega verið misjafn.

Allt í allt skiptir salan á bókunum mínum þó tugum þúsunda auk þess sem þúsundir manna fá bækurnar mínar lánaðar á bókasöfnum árlega. Ég hef líka marg-oft tekið þátt í eða átt frumkvæði að viðburðum sem tengjast bókmenntum, allt frá *Opinni bók* á Ísafirði til alþjóðlegrar ráðstefnu um ritlist. Stundum koma margir, stundum fáir eins og gengur. Áskorunin er þeim mun meiri og ég tel mig hafa verið heppinn að geta unnið á akri bókmenntanna nánast alla ævi.“

Græna húsið ...

– Nýja bókin kemur út hjá bókaforlaginu Uppheimum. Síðast gafstu út undir merkjum eigin forlags, Græna hússins. Hvað veldur þessari breytingu?

„Mig hafði lengi dreymt um að reka eigið forlag og árið 2005 ákváðum við Guðrún að láta slag standa. Nefndum fyrirtækið eftir húsi Jóns B. afa og Helgu ömmu í Hafnarstrætinu á Ísafirði, húsinu sem Grafík syngur um í laginu *Mér finnst rigningin góð*. Við gáfum út nokkrar bækur sem allar fengu góða dóma og tvær þeirra voru verðlaunaðar. Þetta var dýr-mæt reynsla sem nýttist mér vel nú þegar ég er orðinn ritlistarkennari, en þó er það svo, að ég hef ekki lengur tíma til þess að standa í rekstri af þessu tagi.

Ég fór því að leita mér að samstarfsmönnum og var svo heppinn að lenda hjá þeim í Uppheimum sem m.a. gefa út Gyrði Elíasson. Þeir vissu hvað ég stóð fyrir og kunnu að meta það. Hjá þeim hef ég fengið framúrskarandi ritstjórnarþjónustu og nýja bókinn byrjar vel hjá þeim. Þeir ákváðu að gera tilraun með sumar-urútgáfu með það fyrir augum að útvega þeim sem vilja lesa eitt-hvað annað en glæpasögur lesefni við sitt hæfi í sumarfríinu. Sú tilraun virðist ætla að heppnast, fólk er að kaupa bókina handa sjálfu sér.“

Strax hent út í djúpu laugina

– Og núna ertu að búa til rithöfunda fyrir framtíðina sem lektor í ritlist við Háskóla Íslands ...

„Já, ég sá þessa stöðu auglýsta fyrir fjórum árum, sótti um og hreppi hnossið. Það var mikið lán svona korteri fyrir hrun. Þegar þarna kom sögu var ég nánast orðinn bókmenntaþýðandi í fullu starfi til að hafa salt í grautinn. Þýðingunum var vel tekið en þetta er krefjandi starf þótt glíman sé spennandi. Ég þurfti að vinna mikið og gat lítið sinnt mínum eigin skáldskap. Auk þess var einvernan hætt að vinna með mér, ég áttaði mig á því þegar ég var kominn í fullt starf hjá Háskólanum að mig hafði skort áreiti og var orðinn hálfsljór af þeim sökum.

Mér var strax hent út í djúpu laugina og falið að bygja upp nám í ritlist sem aðalgrein til BA-prófs. Nemendur tóku hinu nýja námi vel og þegar á mínu öðru ári varð sprenging í aðsókn. Þetta gerðist í miðri kreppunni og engin leið að fjölga kennurum til að mæta þessari miklu aðsókn. Ég og stundakennararnir mínir urðum því að taka á honum stóra okkar til þess að koma þessum hóp í gegn. Í kjölfarið var síðan ákveðið að flytja námið að mestu

upp á meistarastig og setja fjöldatakmörkanir, því þjálfun af þessu tagi þarf að vera einstaklingsmiðuð. Enn er þó hægt að taka ritlist sem aukagrein til BA-prófs. Aðsóknin í meistaránámið er mikil og margir verða frá að hverfa.“

Er skáldgáfan ekki meðfædd?

– Er hægt að kenna fólkni að skrifa skáldskap? Getur maður lært að verða skáld?

„Afein hverjum ástæðum hefur sú hugmynd komist á kreik, og reynst langlíf, að annað hvort sé maður fæddur rithöfundur eða ekki. Flestum finnst aftur á móti sjálfsagt að aðrar listgreinar séu kenndar í skólum, svo sem tónlist, leiklist og myndlist.

Mín reynsla er sú, að fólkni fer ótrúlega hratt fram ef það fær markvissa þjálfun. Rannsóknir sýna líka að æfingin skapar meistarann í þessu sem öðru. En auðvitað byrja ekki allir á sama stað og fólk höfðar mismikið til lesenda eins og gengur.“

– Má vænta þess að ritlistarnemar þessara ára verði fyrirferðarmiklir í bókmenntalífínu í framtíðinni?

„Þó að stutt sé síðan fyrstu ritlistarnemarnir útskrifuðust hafa nokkrir þeirra þegar gefið út bækur og meira að segja landað samningum hjá virtum bókaforlögum. Það verður áfram hægt að fara gömlu leiðina, verða sjálfmenntaður höfundur, en það er þegar farið að sýna sig, t.d. í fjölda nýræktarstyrkja ritlistarnemum til handa, að þeir hafa visst forskot.“

Eiga að skapa eitthvað sem kennaranum hefði aldrei dottið í hug

– Hvernig vinnustaður er Háskóli Íslands?

„Þetta er stór vinnustaður sem rekur umfangsmikla starfsemi á knöppum fjárveitingum. Kennslan er bara hluti af starfi háskólakennara, þeir hafa líka rannsóknar- og stjórnunarskyldu. Kollegar mínir eru sístarfangi og mjög framsækni hver á sínu sviði og maður smitast af því. Það er líka dýrmætt að geta leitað til þessa fólks þegar maður þarf á upplýsingum að halda. Stundakennararnir sem vinna með mér eru allir reyndir höfundar sem gefandi er að njóta samvista við og svo býður starfið upp á talsverð alþjóðleg samskipti.

Mér finnst ég líka hafa gengið í endurnýjun lífdaga við að vinna með ungu, skapandi fólkni sem er fullt af lífsgleði. Samband nemenda og kennara er mun nánara þegar um grein eins og ritlist er að ræða, grein sem er afar persónuleg, heldur en þegar um fræðigrein er að ræða. Það er að minnsta kosti mín reynsla. Ég

geri mér far um að vera félagi nemenda því það gengur ekki að leika herforingja þegar hvatt er til sköpunar. Það væri mótsögn. Þátttakendum er beinlínis ætlað að hugsa og skapa eitthvað sem mér hefur aldrei dottið í hug, og það eru viðbrigði fyrir þá sem eru vanir að þóknast kennaranum.“

Skáldverk sem tengjast Vestfjörðum í smíðum

– Ný verk í smíðum?

„Það er alltaf eitthvað í vinnslu hjá mér. Ég er einfaldlega þannig gerður að mér líður illa ef ég er ekki með eitthvað í smíðum. Núna vinn ég að tveimur skáldverkum sem bæði tengjast Vestfjörðum. Það verður svo að koma í ljós hvort þau heppnast og verða útgáfuhæf.

Margt af því sem maður skrifar kemur aldrei fyrir almenningssjónir. Í nýju bókina valdi ég t.d. 15 sögur af 30 sagna lager. Það er þó ekki þar með sagt að það sem ekki birtist sé skrifað til einskis, það getur þvert á móti verið áfangi á leiðinni að einhverju betra. Oft tekur mörg ár að skrifa sig að hlutunum. Ég er líka að gæla aðeins við þýðingu á einu helsta verki bandaríska meistarans Williams Faulkner en veit ekki hvort og þá hvenær mér tekst að ljúka því verki. Svo eru alltaf einhverjar greinar á teikni-borðinu en þær hafa alla tíð verið fyrirferðarmiklar í höfundarverki mínu.“

– Stoltur af einu verka þinna umfram önnur?

„Ég á erfitt með að dæma um heildarsvipinn á þeim en ég er stoltur af einhverju í þeim öllum. Ef við tökum frumsömdu verkin fyrst, þá er ég t.d. stoltur af því að hafa skipt aðalpersónunum í bókinni Ekkert slor upp í nokkrar misjafnlega gamlar persónur með svipuð nöfn – strákarnir heita Guðjón, Friðjón, Sigurjón og Jón, stelpurnar eru allar Borgur – til að losna við að skrifa hefðbundna uppvaxtarsögu; ég er stoltur af meginhugmyndinni í Nautna-stuldi, að söguhetjan sé föst á milli nýrra og gamalla skilaboða og geti þar af leiðandi ekki notið; ég er stoltur af pælingunum um innflytjendur og rætur í Strand-höggi; ég er stoltur af sögumanninum í Ástfóstri, sem er eytt föstur; ég er stoltur af því að allar sögurnar í bókinni Í allri sinni nekt snúist um berskjaldað fólk; ég er stoltur af leiknum að hugmyndinni um sigur og ósigur í farsakenndri bók um grafalvarlegt efni, Feigðarflani; og sem stendur er ég ánægður með það áreynsluleysi sem mér finnst ein-kenna sögurnar í nýju bókinni.“

Þýðandinn er höfundur þýðinganna ...

„Ég lít á þýðingarnar sem veigamikinn hluta af höfundarverki mínu, enda er ég höfundur þýðinganna, ef svo má segja. Það hefur verið ástríða hjá mér að koma góðum bókum til Íslendinga. Af þeim er ég stoltastur af stórvirkinu Ljóni í ágúst eftir William Faulkner, en hann hefur löngum verið talinn illþýðanlegur. Einnig er ég mjög stoltur af þýðingum mínum á verkum annars Nóbelskálts, Suður-Afríkanmannsins J. M. Coetzee, Vansæmd og Barndómi, en fyrir þá síðarnefndu hlaut ég Íslensku þýðingaverðlaunin.

Af öðrum þýðingum sem ég er hreykinn af má nefna Leik hlæjandi láns eftir Amy Tan, Friðþægingu eftir Ian McEwan og Veginn eftir Cormac McCarthy. Ekki má heldur gleyma barnabókinni Sól-væng eftir Kanadamanninn Kenneth Opiel, sem ég gaf út undir merkjum Græna hússins og hreppi Barnabókaverðlaun Menntaráðs Reykjavíkur.“

Tólf ára flakk og búseta erlendis

– Þú varst mikið erlendis á yngri árum.

„Það var ekki mikið ferðast þegar ég var að vaxa úr grasi, hvorki innanlands né utan. Ég var orðinn sautján ára þegar ég fór fyrst til útlanda. Ég gerði tilraun til þess að hefja háskólanám í líffræði við háskóla í Bretlandi þegar ég var 19 ára en reyndist ekki hafa nægan þroska til þess, auk þess sem ég virtist ekki vera nógu vel undir það búinn námslega. Það var mér því metnaðarmál að reka af mér heimóttar-orðið þegar ég hafði lokið BA-prófi frá Háskóla Íslands.

Við tók tólf ára flakk og búseta í fimm löndum – Frakklandi, Þýskalandi, Danmörku, Bandaríkjunum og Ástralíu. Lengst af var ég í Bandaríkjunum eða sex og hálfan vetur, þar af fjóra við háskólanám. Þó að ég hafi margt við hugmyndafræði og lífsstíl Bandaríkjamanna að athuga er ótrúlega gott að stunda háskólanám þar. Aðstaðan er frábær og því finnst mér varasöm þróun að ætla að fullmennta fólk hér innanlands. Ein ástæðan fyrir velmegun Íslendinga er að mínu mati hversu margir hafa sótt sér æðri menntun út fyrir landsteinana og flutt síðan nýjustu þekkingu heim.

Ástralía var það land sem heillaði mig mest og það er eina landið sem ég hefði getað hugsað mér að setjast að í til frambúðar. Guðrún fékk Rotarystyrk til náms þar og ég fékk að fljóta með. Við bjuggum í Perth í tæpt ár og þar fyrir utan ferðuðumst við mikið um landið. Þarna skrifaði ég eina bók og þýddi aðra, auk þess sem ég kynnti mér ástralskar bókmenntir af kappi, því ég hafði verið beðinn um að kenna nám-



Rúnar Helgi með nýju bókina í höndum við verk eftir myndlistarkonuna Guðrúnu Guðmundsdóttur eiginkonu sína.

skeið um þær þegar heim kæmi. Ástralar taka sig ekki eins há-tíðlega og stórþjóðin í Ameríku, kunna að njóta lífsins og eru þægilegir í viðkynningu. Mörgum finnst þeir menningarlausir en þeir sem halda því fram virðast ekki hafa kynnt sér sögu þeirra og bókmenntir.

Ég sakna þess mjög að geta ekki lengur verið langdvölum erlendis og sett mig inn í menningu tiltekna lands, en kannski kemur að því aftur. Ísland er lítið og

einsleitt og hingað berst ekki allt sem hugsað er hér á jörð.“

Rithöfundur í Garðabæ!

– Þú hefur búið í Garðabæ síðan þú fluttist aftur til Íslands. Hvernig kanntu við þig þar?

„Við hjónin bjuggum reyndar á Ísafirði í rúmt ár eftir að við komum að utan í byrjun tífunda áratugarins en fluttum suður af

félagslegum og atvinnulegum ástæðum. Garðabær varð síðan fyrir valinu fyrir hreina tilviljun, þar fundum við íbúð sem okkur leist vel á.

Ég var lengi mjög gagnrýninn á þetta sveitarfélag, fannst það sviplaust og plebbalegt, en það hefur þó reynst okkur að mörgu leyti góð umgjörð. Þar er gott að ala upp börn, mikil áhersla lögð á skólamál og annað sem lýtur að æskulýðnum. Synir okkar hafa skotið þar rótum, hafa báðir geng-

ið þar í skóla, stundað íþróttir með Stjörnunni og líta á sig sem Garðabæinga, eins undarlegt og það hljómar í eyrum foreldra sem eru Ísafirðingar búsettir í Garðabæ. Við Guðrún erum mikið fyrir útivist og í grenndinni eru frábær útivistarsvæði sem við höfum tekið ástfóstri við.

En mörgum finnst skrýtið að rithöfundur búi í Garðabæ því óskrifaðar reglur segja að rithöfundar skuli búa í 101. Á tímabili voru samt þrjár Garðabæingar í


stjórn Rithöfundasambandsins, auk mín þau Kristín Helga Gunnarsdóttir og Karl Ágúst Úlfsson. Það leynist í mér lítill uppreisnarmaður og því finnst mér gaman að gefa þessum óskrifuðu reglum langt nef.“

Textinn sem Rúnar Helgi stendur við er úr *Strandhöggi* og kallast á við útsýnið úr íbúðinni, m.a. til Snæfellsjökuls. Myndirnar eru allar teknar á heimili fjölskyldunnar í Garðabæ.

– *Hlynur Þór Magnússon.*

„Tófan að eyðileggja möguleikann á að vera með búskap“

„Ég skil ekki af hverju er verið að vernda jafn grimmt dýr og tófuna. Tófunni hefur farið mjög fjölgandi, er nú farin að svelta á Hornströndum og sækir því annað. Hún hefur verið að leika sér hér við bæinn og er að eyðileggja möguleikana á því að vera hér með búskap. Það þýðir ekkert að basla við að búa hér því refurinn er að leggja þetta í eyði. Á síðastliðnum sex árum vantar mig nákvæmlega 173 lömb af fjalli sem tófan hefur hirt,“ segir Ragna Aðalsteinsdóttir bóndi á Laugabóli við Ísafjarðardjúp í viðtali við Bændablaðið.



Ragna Aðalsteinsdóttir, bóndi á Laugabóli við Ísafjarðardjúp. Mynd: Bændablaðið.

Hún hefur reynt að fá refaskyttur til að halda refnum í skefjum en það dugar ekki til. Hún segir að þar sé við ramman reip að draga, því refaskyttur megi ekki veiða nema takmarkaðan fjölda og á ákveðnum svæðum. Þá sé þetta líka undir duttlungum sveitarstjórnarmanna komið hvernig veiðunum sé háttað. „Ég ætla bara að vona að við göngum aldrei í Evrópusambandið þar

sem bannað er að drepa refi. Samt er ég dauðhrædd um að eigi að þröngva okkur þangað inn,“ segir Ragna.

Þrátt fyrir margvíslega erfiðleika stendur Ragna samt enn vaktina þó orðin sé 87 ára gömul og eigi erfitt um gang eftir að hafa fótbrotnað í tvígang. „Ég er svo sem ekki með margt fé núna, rúmar hundrað kindur og svo einn kött,“ segir Ragna. Hún hefur oft

hefur verið með umfangsmeiri búskap og þá bæði með kindur og kýr. „Ég var mest með 324 kindur en sá fljótleiga að það er ekki fjöldinn sem gildir heldur afkoman eftir hverja kind. Hér áður fyrr var staðið yfir fénu og passað upp á að það hefði næga beit. Nokkrum sinnum var meira að segja farið með þær yfir á Hjarðardal við Þernuvík til að ær hefðu nóg að bíta. Núna er þetta

aflagt.“

Í viðtalinu, sem er að finna í nýjasta tölublaði Bændablaðsins, segist Ragna er óhress með fregnir af fólki sem hugsar illa um dýrin sín og passar ekki nægilega vel upp á að þau hafi nægt fóður.

„Mér finnst hrikalegt að það skuli vera til niðingar eins og fregnir hafa verið af nýverið, sem fara illa með dýr. Það er skelfilegt. Það hafa verið að birtast myndir af grindhoruðum hrossum sem menn hafa ekkert með að gera. Þá finnast mér það engir mannsiðir að hafa kýr lokaðar inni í húsum allt árið um kring og jafnvel í steikjandi hitum á sumrin. Víða er ljót meðferð á dýrum, jafnvel á hundum í Reykjavík eins og komið hefur fram í fréttum. Ég sendi Dýraverndarfélaginu 20 spurningar um slík mál en þeir eru ekki farnir

að svara ennþá.“

Ragna er heldur ekki hrifin af núverandi ríkisstjórn og telur matvælaöryggið vanmetið eins og fram kemur í viðtalinu. „Ég veit ekki hvað þetta fólk er að hugsa sem nú stjórnar þessu landi. Ég skil heldur ekki á hverju fólk ætla að lifa í framtíðinni ef á að flytja inn öll matvæli. Það er ekki allt fínt sem kemur frá útlöndum, það hef ég séð sjálf á mínum ferðalögum víða um lönd. Ég held líka að fólk viti afskaplega lítið hvað það er í raun að kaupa.“ Hún telur líka varhuga-vert hversu lítið sé hugsað um mikilvægi þess að eigin landbúnaðarframleiðsla og fiskveiðar Íslandinga skapi matvælaöryggi ef einhver óáran kemur upp erlendis, eins og ítrekað hafi gerst á síðustu öld.

– thelma@bb.is

Hjá okkur eru drullusokkar sem nenna og drullusokkar sem engu nenna jafn velkomnir því duglegustu drullusokkarnir eru væntanlega minnstu drullusokkarnir og bestu vinir mestu drullusokkanna sem nenntu ekki að taka þátt í drulluboltanum. Þeir sem leggjast lægst í drulluna og verða drullugastir upp fyrir haus verða væntanlega sigurvegarar í drulluboltanum og leika sér um helgina í algjöru drullumalli og svínaríi með öllum hinum drullusokkunum

Koldrulluga skemmtun um helgina...

HAMRABORG

Hamraborg ehf • Hafnastræti 7 • Sími 456 3166



Frá opnun ástarvinnunnar í fyrra.

Engin Ástarvika í Bolungarvík

Ástarvikan í Bolungarvík, sem verið hefur fastur punktur í tilverunni síðsumars átta ár í röð, verður ekki haldin að þessu sinni. Soffía Vagnsdóttir sem hefur verið potturinn og pannan í Ástarvikunni frá upphafi glaðvaknaði allt í einu eina nóttina og sagði við sjálfa sig: Sossa, þú verður að tilkynna að það verði ekki Ástarvika í ár. „Já, staða mín er þannig að ég sé mér ekki fært að gera þetta núna. Ég var öll af

vilja gerð og ætlaði að reyna, en það er bara búið að vera svo annasamt,“ segir hún.

„Það varð öflug breyting hjá mér í vetur þegar Ingibjörg systir mín lést, hún var mikið með mér í þessu og líka í gistiþjónustunni. En í staðinn fyrir Ástarviku þetta árið ætla góðir vinir mínir að skella upp tónleikum í Kjallaranum hér í Bolungarvík 12. ágúst – og svo verð ég bara í brjáluðu stuði næsta ár!“ – hlynur@bb.is

Ef veggirnir gætu talað ...

Átta konur úr þrjátíu og sex kvenna hópi sem brautskráðist frá Húsmæðraskólanum á Ísafirði fyrir 60 árum kom saman á Ísafirði í síðustu viku, fór á ýmsa staði og rifjaði upp gamla og góða tíma. „Við erum að njóta minninganna og förum á alla helstu menningarstaði bæjarins,“ sagði ein í hópnum, Geirþrúður Charlesdóttir. Þá voru þær skólasystrurnar staddir í Edinborgarhúsinu eftir að hafa hlýtt þar á Kaldalónslög í flutningi Guðrúnar Jónsdóttur óperusöngkonu (dóttur Geirþrúðar) og Margrétar Gunnarsdóttur píanóleikara.

„Auðvitað förum við í skólann okkar gamla við Austurveg og skoðuðum hann allan og fannst það yndislegt. Núna er þar tónlistarskóli þannig að þar er ekki lengur neitt eldhús, en allt hitt gladdi okkur mjög og ekki síst vegna þess hvað húsið er ennþá fallegt. Svo vorum við í Tjöruhúsinu og förum í kirkjuna og Safnahúsið og víðar,“ segir Geirþrúður.

„Við erum afskaplega ánægðar að hittast svona aftur, allar orðnar þínufullorðnar!“ Af konunum átta sem núna komu saman eru



Skólasystrurnar fyrir framan Húsmæðraskólann Ósk.

þrjár búsettar vestra, þær Geirþrúður og Sigrún Stefánsdóttir á Ísafirði og Margrét Halldórsdóttir í Bolungarvík. Hinar fimm eiga heima í Reykjavík og á Akureyri. Skólasystrurnar voru sextíu árum var

Þorbjörg Bjarnadóttir frá Vigur. „Þetta var ákaflega skemmtilegur tími og margt skemmtilegt sem gerðist í heimavistaraskóla. Við þurftum reyndar helst að vera farnar að sofa klukkan tíu, orðnar

tvítugar! Því hlýddu nú ekki alltaf allar,“ segir Geirþrúður ísmeygilega.

Þegar hún er spurð hvort ungir menn hafi ekki reynt að komast inn á lokaða heimavistina segir

hún og hlær: „Jú, blessaður góði, það er nú líkast til! Ef veggirnir gætu talað, þá fengirðu margar sögur...“ sagði Geirþrúður Charlesdóttir.

– hlynur@bb.is

Húsið
VÍKING VÍKING

CAFÉ RESTAURANT BAR

Matseðill

- Súpa dagsins - 1.390,-
- Hamborgari hússins - 1.490,-
- Special borgari hússins - 1.690,-
- Fiskur dagsins - 1.990,-
- Lambakótilettur - 2.690,-
- Nautaprimesteik - 2.990,-
- Pizza 10" - 1.200,-
- Grænmetisloka - 590,-
- Rækjuloka - 690,-
- Kjötloka - 790,-
- Eftirréttir - 490,-

VÍKING
LÉTTÖL

**ÓSKUM OG ÍSEIRÐINGUM
GÓÐRAR OG GESTUM
SKEMMTUNAR**



Nutu lífsins í briminu í Bolungarvík

Fjórir kayak leiðsögumenn hjá fyrirtækinu Kayak Center Iceland á Ísafirði tóku sér frí frá annrúki dagsins eitt síðdegi í síðustu viku og „léku“ sér aðeins í öldunum við sandfjöruna í Bolungarvík. Góð alda var í vikinni í gær og notfærðu ræðararnir sér það. „Þetta var rosalega gaman, það er svo sjaldan sem við fáum svona brim á sumrin,“ sagði einn ræðarinn í samtali við blaðið. „Þetta myndi seint teljast hefðbundinn róður, frekar sambærilegt því sem brettakappar stunda, nema hvað við vorum á kayak.“ Fyrirtækið Kayak center Iceland býður upp á ýmsa möguleika í kayakferðum. Bæði með föstum ferðum og sérferðum fyrir vanari ræðara. Meðfylgjandi myndir tók Sigurjón J. Sigurðsson í vikinni.





Gríptu með þér Floridana. Morgunsafi, Heilsusafi, Appelsínusafi og Sumarsafi frá Floridana eru 100% hreindir ávaxtasafar framleiddir úr úrvals hráefnum og innihalda engan viðbættan sykur. **Fáðu þér Floridana og lifðu vel.**

Floridana
LIFÐU VEL!



Rekstrargjöld sem hlutfall af tekjum eru of há

„Ljóst er að rekstur sveitar-
sjóðs er mjög næmur fyrir verð-
bólgu og gengismun, sem gerir
það að verkum, að sé verðbólga
umfram væntingar kemur það
hart niður á rekstri bæjarins. Jafn-
framt er ljóst að rekstrargjöld sem
hlutfall af tekjum aðalsjóðs eru of

há og sérstaklega hlutfall launa
af tekjum samstæðunnar, sem er
56%. Verkefnið framundan er því
eftir sem áður að draga úr kost-
naði og reyna að auka tekjur,
sem verður aðeins gert með fjölg-
un íbúa og auknum atvinnutæki-
færum.“ Þetta sagði Daníel Jak-

obsson bæjarstjóri Ísafjarðar-
bæjar þegar hann var inntur skýr-
inga á og viðbragða við slæmri
afkomu fjármagnsliða í ársreikn-
ingi bæjarins fyrir síðasta ár.

Tap á rekstri samstæðu Ísa-
fjarðarbæjar, sem samanstendur
af aðalsjóði og B-hlutafyrirtækj-

um s.s. vatnsveitu, fráveitu, þjón-
ustufbúðum á Hlíf og Tjörn, Fast-
eignum Ísafjarðarbæjar ehf. og
höfnum Ísafjarðarbæjar, var um
300 milljónir króna, þar af um
260 milljónir í A-hluta, en þar
eru þeir málaflókkar sem reknir
eru fyrir skattfé. Af þessu 300

milljóna króna tapi eru reiknaðar
afskriftir 162 milljónir, breyting
á lífeyrisskuldbindingum 87
milljónir og áfallnar en ógreiddar
verðbætur og gengismunur 150
milljónir. Niðurstaða rekstrar var
þar af leiðandi jákvæð um 70
milljónir króna fyrir þessa liði.

Metaðsókn í málmíðn og vélstjórn

Jón Reynir Sigurvinsson, skóla-
meistari Menntaskólans á Ísa-

smáar

Til sölu er húðlitaður, þægileg-
ur svefnsófi úr IKEA (með
þvoanlegu áklæði), gömul en
nýuppgærd kommóða og fjórir
svartir/stállitaðir stólar. Uppl.
í síma 661 7338.

firði, segir það mjög ánægjulegt
hversu margir hafa skráð sig til
náms í málmíðn og vélstjórn á
fyrsta ári. Samtals eru það 29
manns eða miklu fleiri en tíðkast
hefur. Einu sinni áður hefur að
vísu svipaður fjöldi hafið nám
við skólann í þessum greinum en
það var fyrir um tveimur áratug-
um eftir að Guðmundur Einarson
hóf þar vélstjórnarkennslu.

Á þeim tíma brautskráðust hins
vegar mun fleiri úr grunnskólum
á norðanverðum Vestfjörðum
þannig að núna eru hlutfallslega
mun fleiri sem velja þessar grein-
ar. „Þetta er mjög gleðilegt vegna
þess að það sárvantar fólk til
starfa í þessum greinum, bæði
málmíðnaðarmenn og vélstjóra,“
segir Jón Reynir.

„Þessi skortur birtist meðal

annars í því að það er mjög erfitt
að fá kennara, ekki aðeins hjá
okkur heldur veit ég að það er
líka hjá Tækniskólanum. Núna
stend ég frammi fyrir því, að
margítrekaðar auglýsingar eftir
vélstjórnarkennara og hringingar
í allar áttir hafa ekki skilað ár-
angri.“ Jón Reynir segir að alltaf
hafi þó ræst slíku á endanum –
„og kannski þessi frétt muni leiða

til þess,“ segir hann. Skráningu í
skólann er formlega lokið en Jón
Reynir segir að samt sé ennþá
hægt að skrá sig til náms í öðrum
greinum en í málmíðn og vél-
stjórn á fyrsta ári. Þar er nú full-
skípað en pláss eru laus á öðru
ári. Að sögn skólameistara er að-
sókn að skólanum almennt mjög
góð.

– hlynur@bb.is

Skattar, verðmæti og ráðstöfun

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað
vikulega pistla í **Bæjarins
besta** í mörg ár. Skoðanir
hans á mönnum og mál-
efnum hafa oft verið um-
deildar og vakið umræð-
ur. Þær þurfa alls ekki að
fara saman við skoðanir
útgefenda blaðsins. Þrátt
fyrir það bera ábyrgðar-
menn blaðsins ábyrgð á
skrifum **Stakks** á meðan
hann notar dulnefni sitt.

Nú er álagningarskrá ríkisskattstjóra komin fram. Engir aðrir
skattstjórar eru lengur við lýði og landið orðið eitt umdæmi þegar
kemur að álagningu. Það er kannski skynsamlegt, en dregur úr metn-
aði landshlutanna og þeirra sem þar búa til þess að vera framarlega
og láta á sér bera þegar að því kemur að greiða til samfélagsins. Það
verður að hrósa ríkisskattstjóra fyrir að nú skuli fólk geta talið fram
rafrænt að mestu og þufi lítið fyrir framtalsgerðinni að hafa. En
lengra má ganga. Því fyrr sem allar upplýsingar sem unnt er að fá
fram rafrænt eru forskráðar því betra. Þegar verið er að taka af fólki
og fyrirtækjum hvatann til þess að skapa sér tekjur með því að skatt-
prósentur séu háar því minna á fólk að þurfa að hafa fyrir því að tí-
unda tekjur sínar. Ríkisskattstjóri lýsti því yfir um daginn að álagning
skatta væri öðrin flóknari en fyrr. Er það umhugsunarefni og rætur
þess margvíslegar.

Fyrst og fremst er það ákvörðun alþingis og þeirra manna sem þar
sitja að flækja kerfið í leit sinni að auðveldari aðgengi í vasa lands-
manna. Nú eru senn liðin 4 ár frá hinu margumtalaða hruni og þrjú
og hálf frá því núverandi ríkisstjórn málaflókkar tóku að sér að
koma hér upp norrænu velferðarríki. Lítt sér í það en meira til hins
að ausið hafi verið tugum milljarða í að koma gjaldþrota sparissjóðum
á lappirnar. Það er skondið að sumir af helstu forystumönnum ríkis-
stjórn málaflókkanna græddu tugi milljarða á braski með stofnbref

Sparissjóðs Reykjavíkur og nágrennis, þar á meðal einn ráðherr-
anna. Sjálfsagt hafa þeir greitt sitt til samfélagsins í formi skatta.
Nú styttest í kosningar og er farið að ræða um hækkun fæðingar-
orlofsgreiðslna barnabóta og á sama tíma og núverandi fjármála-
ráðherra heldur því fram að tugir milljarða sem greiddir voru til
Landsbankans með SpKef muni ekki koma niður á skattgreið-
endum.

Hinn mæti bitill George Harrison söng með hljómsveit sinni
The Beatles árið 1966 hinn ógleymanlega skattaóð Taxman og er
öllum hollt að hlýða á hann í hvert skipti sem skatta ber á góma:
„It's one for me, nineteen for you, cause I'm the taxman. And if
you walk the street I'll tax your feet“ og síðar „and I have eyes for
those who die“. Þú færð einn hlut og ég nítján því ég er skattmað-
urinn og gangirðu götuna skattlegg ég fætarna og loks, ég fylgist
með þeim sem deyrja. Núverandi ríkisstjórn hlýtur að halda mikið
upp á The Beatles árið 1966. Við hin horfum í undrun á það hve
tekjum virðist misskipt og að enn skuli það vera svo að þeir sem
skapa verðmæti eins og sjómenn skuli greiða meira en þeir sem
valsa með peningina og hafa meira á milli handanna en launamenn,
meira en þeir sem skapa mikil verðmæti. Er það eðlilegt? Þarf
ekki að ýta undir verðmætasköpun fremur en að verðlauna enn þá
sem misbrúka annarra fé?

Kaupir jarðir í Langadalnum

Sögusagnir hafa verið um að Svisslendur hafi keypt á einu bretti nokkrar jarðir í Langadal innst í Ísafjarðardjúpi. Hið rétta er að hér á hlut að máli sænskur maður en ekki svissneskur, John Harald Örneberg að nafni, og kaupandinn er félag sem ber heitið Varpland hf. Jarðir þessar eru Kirkjuból, Brekka og Neðri-Bakki og hálf jörðin Tunga, en alls eru átta jarðir í Langadal. Jarðirnar sem hér um ræðir voru í eigu Lífsvals, félags sem stofnað var árið 2002 og eignaðist smátt og smátt 45 jarðir um allt

land. Landsbankinn yfirtók Lífsval í byrjun þessa árs og hefur síðan verið að selja jarðirnar.

Því fer víðs fjarri að landeignir jarða þessara í Langadal séu neitt í líkingu við Grímsstaði á Fjöllum að stærð, þó að slíkt hafi flogið fyrir, heldur eru þær samanlagt aðeins brot af því 300 ferkílómetra flæmi. Stjórn Varplands hf. skipa Gunnar Sólnes, lögmaður á Akureyri, Friðleifur E. Guðmundsson, lögfræðingur í Reykjavík, og John Harald Örneberg, stofnandi og forstjóri The Forest Company.



Fáheyrð og óviðunandi staða

Komin er upp sú „ótrúlega staða“, eins og það er orðað í bókun bæjarráðs Bolungarvíkur í gær, að Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, sem heyrir undir innanríkisráðuneytið, hefur sent Bolungarvíkurkaupstað fyrirspurn um það hvernig kaupstaðurinn hyggst bregðast við því að nefndin standi ekki við gerða samninga og hefur farið fram á að sveitarfélagið geri áætlun um hvernig það hyggist ná settu marki um skuldahlutfall samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Þetta kemur fram í bókun ráðsins þegar fyrir var tekið erindi innanríkisráðuneytisins varðandi fullnustu samnings Eftirlits-

nefndar með fjármálum sveitarfélaga við Bolungarvíkurkaupstað.

Einnig segir í bókuninni: „Öllum má vera ljóst að þessi staða er fáheyrð og jafnframt algjörlega óviðunandi fyrir sveitarfélagið. Því er ítrekuð hér sú krafa sem sett var fram í bréfi til ráðuneytisins þ. 23. maí sl., og þess krafist að innanríkisráðuneytið hlutist til um endanlega og ásættanlega lausn hið fyrsta og tryggi að EFS standi við gerða samninga við sveitarfélagið. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur sem kunnugt er lýst því sjálf yfir að henni hafi ekki tekist að standa við þá samninga.“

Öllum umsóknum hafnað

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur hafnað öllum umsóknum um starfs námsráðgjafa við Grunnskólann á Ísafirði. Óskað var eftir álitni lögfræðings mennta- og menningarmálaráðuneytisins á umsækjendum.

Á álitinu segir að samkvæmt lögum um náms- og starfsráð-

gjafa, hafi þeir einir rétt til slíkra starfa sem lokið hafa námi í náms- og starfsráðgjöf. Samkvæmt upplýsingum bb.is voru umsækjendur um starfið þrír. Bæjarráð hefur falið skólastjóra GÍ og sviðstjóra skóla- og tómsundasvið að fara yfir málið og leita lausna. –gunnar@bb.is

DRULLASTU UM BORDI
SLÖNGUBATINN ISÓLD UM
VERSLUNARMANNAHELGINA

8-12 MANNS Í FERÐ
PANTANIR Í SÍMA 895 7131



Edinborg
Bistro-Café-Bar

**ERTU SVANGUR , ERTU ÞYRSTUR, VILTU
DJAMMA**

Þá er Edinborg bistro staðurinn um
verslunarmannahelgina.

Lengri opnun alla helgina.

Fimmtudag til 02.00.

Föstudag, laugardag og sunnudag til 04.00.

DJ Raggi spilar fimmtudagskvöld og DJ Eygló
verður í 80´ stuði á sunnudagskvöldinu.

Mýraboltaböll föstudags- og laugardagskvöld.



Wanida Khotsombat.

Tælandi matur í Hæstakaupstaðarhúsinu

Verslunin Tæl opnaði í Hæstakaupstaðarhúsinu fyrir nokkrum vikum en eins og hið kitlandi nafn búðarinnar gefur til kynna er þar boðið upp á vörur frá landi brossins, Tælandi. BB spjallaði við eigandann, Wanida Khotsombat.

Komin af kaupmönnum

Í Hæstakaupstaðarhúsi, rétt við Blómagarðinn er nú að finna verslunina Tæl sem sérhæfir sig í tælenskum matvörum og varningi. Eigandinn er Wanida Khotsombat en hún rak áður verslunina Made in Thailand við Laugaveg. „Ég seldi líka í Kola-

portinu ásamt systur minni. Ég flutti til Ísafjarðar fyrir átta mánuðum og fannst strax skrítið að enga svona verslun væri að finna hérna miðað við hvað hversu mikið af fólki frá Tælandi býr á þessu slóðum,“ segir Wanida.

„Sjálfr er ég er komin af kaupmönnum og fjölskyldan er meira og minna öll að fást við verslun. Því sé ég líklega nýja staði út frá möguleikum kaupmannsins.“

Íslendingar forvitnir

Í Tæl kennir ýmissa grasa en ýmist flytur Wanida vörurnar inn sjálf frá Tælandi eða í samvinnu við verslunareigendur í Reykja-

vík. Í versluninni er að finna tvær frystikistur troðnar af matvöru en í hillum þar við hliðina stendur ýmiskonar dósamatur, framandi krydd, margar tegundir af sojum og snakki. Eins er seldar snyrtivörur og fatnaður og húsmunir í Tæl.

„Í kistunum má til dæmis finna frosna banana, smárækjur, smokkfisk, kókosís og margt fleira. Við erum líka með ískaffi, íste, mikið af súpum og sojum og miklu fleira,“ segir Wanida. „Tælendingarnir eru náttúrlega himinlifandi. En hingað kemur líka miki af Íslendingum til að ná sér í krydd og sósur. Matarmening Íslendinga hefur breyst mjög

mikið. Þeir eru orðnir miklu opnari en þeir voru í mat og vilja prófa hitt og þetta. Ég finn að þeir eru mjög forvitnir um matvöruna hér í búðinni, ekki síst sjávarfangið. Og yfirleitt eru Íslendingar í grunninn hrifnir af tælenskum mat.“

Matreiðslunámskeið

Að sögn Wanida verður boðið upp á námskeið í matargerð í Tæl. „Ég fæ til mín konu sem er mjög snjall kokkur og hún mun kenna fólki að elda súpur og sósur og einfaldan tælenskan mat. Hún mun veita fólki ýmis ráð í sambandi við hráefnin sem eru notað

í tælenska eldhúsinu og auðvitað líka kenna fólki að elda úr því sem fæst hér í búðinni. Ætlunin er að bjóða upp á þessa kennslu einu sinni í viku.“

Á nokkrum slám í Tæl er að finna kvenfatnað og ýmiskonar þjóbúninga. „Við erum líka að selja stytur hérna en Tælendingar eru mikið fyrir að hafa dýrastyttur á heimilum sínum,“ segir Wanida.

„Mér finnst eiginlega stórskrítið að svona búð hafi ekki opnað fyrr hér á Ísafirði því það er svo mikið af Tælendingum á Vestfjörðum, enda hef ég fundið fyrir mjög miklum áhuga á undanförunum vikum.“



Unga fólkið nýtur þess að gefa þorskinum að borða.

Klappa þorskinum og gefa honum að borða

Í sumar hefur Sjávarþorpið Suðureyri ehf., í samstarfi við Ísafjarðarbæ og Ferðamálastofu unnið að bættu aðgengi að þorskinum í lóninu á Suðureyri. Um langt skeið hafa gestir á Suðureyri stundað heimsóknir í lónið, sem staðsett er fyrir innan þorpið, til að gefa villtum þorski að borða og klappa honum á kollinn. Aðgengið var við þjóðveg með 90 km hámarks hraða og bratt var niður í fjöruna og því mikil slyshætta, en nú hefur verið byggð bryggja

við lónið þar sem aðgengi að þessum skemmtilegu þorskum er til fyrirmyndar.

Bryggjan er á tveimur pöllum til að mæta sjávarföllum í lóninu þannig að á fjöru er hægt að standa á neðri pallinum en á efri pallinum þegar flæðir að. Þannig er auðveldast að komast í snertingu við hafið og þorskin sem þar á heima. Gestir geta nálgast beitu til að gefa þorskunum í verslun Fisherman við Skipagötu.

– bb@bb.is



Kríuvarp með ágætum

Kríuvarp hefur verið með ágætum á Vestfjörðum líkt og annars staðar á landinu. Böðvar Þórisson hjá Náttúrustofu Vestfjarða telur að fuglinum gangi þokkalega að fóta sig. „Hér í Bolungarvík er allt

fullt af fleygum ungum en ungar hafa verið að drepast að Auðkúlu í Arnarfirði,“ segir Böðvar. Kríuvarp er oft að finna í nágrenni við manna-bústaði og er líklegasta skýringin sú að þar fær krían

vernd fyrir ýmsum afræningjum sem undir eðlilegum kringumstæðum herja á varpið. Tófan er talin skæðasti afræninginn. Krían getur því notfært sér svæði nálægt mannabústöðum.

Vilja yfirtaka pósthjónustuna

Súðavíkurbreyttur er í viðræðum við Íslandspóst um yfirtöku á pósthjónustu í Súðavík. „Við misstum bæði bankann og pósthúsið mjög skyndilega núna í vor. Landsbankinn lokaði útibúi sínu hér fyrirvaralaust, taldi sig ekki hafa efni á því að reka það. Íslandspóstur var með samning við bankann þannig að starfsmenn bankans önnuðust þjónustu póstsins og með þessari ráðstöfun var þjónustustöð póstsins úr sögunni.

Núna kemur hér starfsmaður einu sinni á dag klukkutíma í senn og sinnir pósturðinum ásamt því að taka á móti pökkum.

Sveitarfélagið var mjög ósátt við þessa lokun og þá ekki síst hvernig hún var kynnt, þetta væri svo dýrt og það væri svo mikil hagræðing að loka hér og þess vegna væri það samfélagsleg ábyrgð að loka, sem allar tölur benda til að sé rangt,“ segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súða-

víkurbreyttu.

„Í framhaldinu hefur Íslandspóstur verið að velta fyrir sér hvernig hann gæti snúið sig út úr þessu. Núna í síðustu viku átti ég fund með Íslandspósti þar sem ég óskaði eftir því að þeir myndu skoða þann möguleika að sveitarfélagið yfirtæki þessa þjónustu. Ég vona að það verði að veruleika með haustinu. Starfsmaður áhaldahússins getur verið í pósturðinum og annast póstafræiðslu.“

Sælkeri vikunnar er Elías Guðmundsson á Suðureyri

Aðalsmerki Sjávarþorpsins

Vinur minn hann Guðbjartur Einar Sveinbjörnsson skoraði á mig að koma með uppskrift sem er bara skemmtilegt. Mér þykir nærtækast að koma með eina uppskrift sem hann sjálfur bjó til fyrir sjö árum síðan, áður en hann fóra að læra að til kokks. Ég bað hann á um að passa gestamóttökuna á gisti-húsinu okkar í einhvern tíma en þá vorum við ekki að selja neinar veitingar. Þegar ég kom til baka var hann búin að fara

niður á bryggju með ferðamenn og velja þar með þeim vönan steinbít sem hann eldaði fyrir gestina. Þar með hófst veitingahúsarekstur á Suðureyri. Þessi réttur hefur verið óbreyttur síðan Guðbjartur mallaði fyrsta diskinn saman. Í dag heitir hann á mats- eðli „Aðalsmerki Sjávarþorpsins“ og hefur alla tíð verði mest seldi diskurinn á veitingahúsinu Talisman.

Aðalsmerki Sjávarþorpsins

Ég geri hér ráð fyrir máltíð fyrir tvo og því þarf 600 gr. af steinbít sem settur er á heita pönnu. Einum pela af alvöru rjóma (alls ekki matreiðslurjóma) er strax bætt út á pönnuna og steinbíturinn er þannig soðinn í rjómanum þar til róminn sýður niður í flotta sósu. Út í rjómann er bætt ½ matskeið af koniaki, dass af fínu salti og grófum svörtum pipar. Síðan er stóra leyndarmálið að bæta teskeið af Oskar grænmetis kraft við. Síðan er



salati og kartöflum bætt við að næsta húsi, Auði Birnu Guðna-

vild og borið fram með bros á vör.

dóttur og Ársæl Níelsson að koma með eitthvað skemmtilegt í næstu viku,

Ískalt & svalandi

Coca-Cola[®]



'Coca-Cola', 'Coke', and the 'Coca-Cola' contour bottle are trademarks of The Coca-Cola Company. © 2011 The Coca-Cola Company.